

Alþingi
B.t nefndasviðs
v/ Austurvöll
150 REYKJAVÍK

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Alþingi
Erindi nr. P 139/166
komudagur 8.11.2010

5. nóvember 2010
Tilvísun: 2010100070

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991 (fyrningarfrestur), 108. mál.

Fjármálaeftirlitið vísar til tölvupósts nefndasviðs dags. 22. október sl. þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um gjaldþrotaskipti (fyrningarfrestur), 108. mál.

Fjármálaeftirlitið hefur yfirfarið frumvarpið. Fjármálaeftirlitið telur að verði frumvarpið að lögum gæti það verið til þess fallið að fjármálafyrirtæki sýni aukna vandvirkni við útlánastarfsemi þegar til lengri tíma er litið. Einnig mun frumvarpið hugsanlega flýta endurskipulagningu útlánasafns bankanna. Hins vegar er um að ræða afa óskýr og íþyngjandi skilyrði fyrir kröfueigendur sem óska þess að viðhalda kröfum sínum. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að horft sé til þess af hvaða rót kröfurnar eru runnar við skýringu hugtaksins sérstakir hagsmunir og „höfð í huga tilvik eins og krafa á hendur þrotamanni sem til hefur orðið með saknæmri eða ámælisverðri háttsemi hans“. Engin frekari tilraun er gerð til að skýra hugtakið heldur verður dómstólum eftirlátið það. Fjármálaeftirlitið bendir á að óeðlilegt sé að leggja slíkt alfarið í hendur dómstóla og æskilegra væri að skýra hugtakið nánar í frumvarpinu sjálfu. Framangreint leiðir til þess að heimild kröfueiganda til að viðhalda kröfu sinni telst vart raunhæfur kostur og frekar í orði en á borði.

Þá vekur Fjármálaeftirlitið athygli á að í frumvarpinu er enginn greinarmunur gerður á hvers konar kröfu um er að ræða varðandi fyrningarfrestinn og telur að annaðhvort eigi að gera greinarmun á kröfum eftir því hvernig til þeirra hafi stofnast, eða það sem Fjármálaeftirlitið telur eðlilegri kost, að fyrningarfresturinn verði að lágmarki fjögur ár. Er það að mati Fjármálaeftirlitsins í meira samræmi við núgildandi lög þar sem lágmarksfyrningarfrestur er fjögur ár en tvö ár verður að teljast afar skammur tími og í raun það skammur að möguleikar kröfuhafa til að viðhalda kröfum sínum verða nær engir.


Fjármálaeftirlitið bendir einnig á að ekki virðist hafa verið kannað við gerð frumvarpsins hvaða áhrif það mun hafa á fjármálamarkaðinn. Æskilegra væri ef áhrifin yrðu metin áður en frumvarpið verður að lögum.

Fjármálaeftirlitið veitir fyllri upplýsingar ef óskað er.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ


Unnur Gunnarsdóttir


Gjörun Finnborg Þórðardóttir